



Vegmúla 3
108 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/463
komudagur 4. 12. 2002
Sí 128/463
Fax 545 6001

Netfang reykjavik@kpmg.is
Veffang www.kpmg.is

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Hr. Vilhjálmur Egilsson
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 1. desember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um tekjuskatt – og eignarskatt nr. 75/1981 - þskj. 352 – 324. mál.

Skattasvið KPMG hefur farið yfir fyrirliggjandi frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og leyfir sér hér með að senda Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis umsögn sína um frumvarpið og um önnur mál sem KPMG telur mikilvægt að verði tekin upp í tengslum við breytingar á skattalögum.

Við höfum einungis eina athugasemd við fyrirliggjandi frumvarp og teljum flest þau atriði sem frumvarpið tekur á vera til bóta í tæknilegum skilningi ef svo má segja. Við söknum hins vegar margt sem við hefðum talið brýnt að löggjafinn tæki á.

Það atriði sem við höfum athugasemdir við er 3. gr. frumvarpsins er lýtur að breytingum á 5. tl. 52. gr. laga nr. 75/1981. Samkvæmt frumvarpinu á í öllum tilvikum að takmarka gjaldfæranlegan rekstrarkostnað vegna fólksbifreiða við reiknuð hlunnindi vegna afnota af viðkomandi bifreið hafi hún verið til afnota fyrir starfsmann. Í mörgum tilvikum hafa starfsmenn takmörkuð not af fólksbifreiðum, t.d. einungis heimild til að aka henni á milli heimilis og vinnustaðar. Bifreiðin að öðru leyti notuð á vinnustað í þágu starfseminnar. Ef takmarka á heimildir til gjaldfærslu rekstrarkostnaðar við hlunnindin af hinum takmörkuðu afnotum þá er ljóst að ekkert samræmi verður á milli raunverulegs rekstrarkostnaðar og heimildar til gjaldfærslu. Þetta vandamál hefur ekki verið til staðar þar sem þeir sem ákvæðið hefur hingað til tekið til, þ.e. framkvæmastjórar og aðrir sambærilegir stjórnendur, hafa yfirleitt ótakmörkuð afnot af bifreiðum og bifreiðin yfirleitt lítið notuð í rekstinum. Framangreindur mismunur skapast því ekki.

Við teljum í raun að afnema ætti takmörkun þá sem felst í 5. tl. 52. gr. Það myndi einfalda skattskil fyrirtækja og eftirlit skattyfirvalda. Skattyfirvöld setja fram hlunnindamat árlega sem, varðandi nýjar bifreiðar a.m.k., verður að telja í takt við meðalrekstrarkostnað bifreiða og að meginstefnu til virðist samræmi á milli rekstrarkostnaðar og hlunnindamatsins. Verður því að telja algjörlega óþarft að halda framangreindri takmörkun í lögnum. Benda verður á að skattyfirvöld hafa aðrar leiðir til að fella niður gjaldfærslu rekstrarkostnaðar hafi bifreiðin ekki verið notuð til tekjuöflunar og viðurlög við því að telja ekki fram hlunnindi eru tiltölulega hörð bæði fyrir starfsmann og fyrirtæki enda virðast vanhöld á því að telja fram slík hlunnindi því sem næst ekki eiga sér stað. Athygli vekur að í athugasemdum með frumvarpinu er í raun ekkert vikið að efnisatriðum lagaákvæðisins eða röksemdum fyrir breytingum á því. Einungis er sett fram skilyrði fyrir því að telja megi fram rekstrarkostnaðinn, þ.e. að fyrirtækið hafi gefið hlunnindin upp á launamiða.

Eins og sagði í upphafi þá höfum við ekki frekari athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarp en hér á eftir er umfjöllun okkar um þætti sem við teljum mikilvægt að löggjafinn tæki á:



KPMG Endurskoðun hf. er
aðili að KPMG International

Reykjavík
Hafnarfjörður
Borgarnes

Sauðárkrúkur
Akureyri
Dalvík

Egissstaðir
Selfoss

Í fyrsta lagi verður að nefna að skapast hefur óvissa og í raun ófremdarástand varðandi beitingu á 57. gr. C í lögum nr. 75/1981. Ákvæðið var lögfest með lögum nr. 133/2001 og heimilar einstaklingum í atvinnurekstri að færa reksturinn til einkahlutafélags án skattskyldu. Ríkisskattstjóri setti verklagsreglur um beitingu ákvæðisins nú á haustdögum eða tæplegu ári eftir gildistöku lagaákvæðisins. Verklagsreglur ríkisskattstjóra byggja á mjög þröngri lagatúlkun. Þær eru ekki í takt við lög um einkahlutafélög en telja verður að eðlilegt væri að túlka ákvæðið til samræmis við félagaréttarlöggjöfina. Verklagsreglurnar leiða í mörgum tilvikum til ósanngjarnrar niðurstöðu og til þess að margir einstaklingar í atvinnurekstri geta ekki nýtt sér hagræði ákvæðisins sem telja verður þvert á vilja löggjafans. Við vöktum athygli fjármálaráðherra á þessum þáttum með bréfi dags. 25. júní 2002.

Í öðru lagi teljum við mikilvægt að sá kafla laganna er fjallar um fyrningar verði endurskoðaður. Við afnám verðlagsleiðréttingar í skattskilum varð fyrningakafllinn eftir ef svo má segja þar sem reglur um fyrningar voru að öllu leyti miðaðar við að fyrningargrunnur væri uppfærður samkvæmt verðbreytingartuðli. Í þessu ljósi teljum við eðlilegt að leyfðar verði hraðari fyrningar, þ.e. stiglækkandi fyrningar og að fyrningarhlutföll verði útfærð á þann veg að leiði til svipaðrar niðurstöðu og gerði fyrir afnám verðlagsleiðréttingar. Við teljum jafnframt mikilvægt að halda opnum möguleika til sveigjanlegra fyrninga, þ.e. að stjórnendur fyrirtækja geti valið um mismunandi fyrningarhlutföll eftir eðli rekstrarins, stefnu fyrirtækisins og sveiflum í rekstri. Jafnvel þótt verið sé að lengja heimildir til nýtingar uppsafnaðs taps í 10 ár teljum við engin gild rök fyrir því að hverfa frá möguleikum til sveigjanlegra fyrninga.

Í þriðja lagi teljum við mikilvægt að heimila gjaldfærslu taps af sölu hlutabréfa á móti hvers konar rekstrarhagnaði. Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 75/1981 er ekki heimilt að gjaldfæra tap af sölu hlutabréfa eins og gildir almennt um aðrar eignir sem notaðar eru í atvinnurekstri. Heimilt hefur verið að gjaldfæra tap af sölu hlutabréfa á móti söluhagnaði sams konar eigna á sama ári. Fjárfestingar í fyrirtækjum og rekstri er orðinn mikilvægur þáttur í rekstri mjög margra fyrirtækja og eðlilegt að tap af þeim þætti rekstrarins sé gjaldfæranlegt eins og annað tap. Þannig verður gjaldfærslunni stangast ennfremur á við heimildir 4. tl. 31. gr. laganna sem heimilar gjaldfærslu sannanlega tapaðs hlutafjár í ákveðnum tilvikum.

Í fjórða lagi viljum við benda á að orðalag 57. gr. B um samsköttun er of þröngt að því leyti er varðar heimild til samsköttunar þegar skilyrði til samsköttunar hafa skapast á miðju ári. Samkvæmt ákvæðinu er samsköttun heimil hafi þótt eignarhald hafi ekki varað allt reikningsárið þegar um nýstofnuð dótturfélög er að ræða eða við slit á dótturfélagi. Við teljum að heimila ætti samsköttun í því tilviki á því ári sem skilyrði samsköttunar skapast hvort sem er fyrir stofnun dótturfélags eða fyrir kaup á dótturfélagi.

Í fimmta lagi teljum við að bæta þurfi við ákvæðum í IV. kafla laganna sem heimili skattaðilum að stofna eignarhaldsfélög um rekstrarfélög án þess að til skattskyldu leiði fyrir viðkomandi fyrirtæki og ekki heldur eigendur þeirra. Þetta er hægt að útfæra á tvo vegu og þyrftu báðar heimildirnar í raun að vera fyrir hendi. Þannig ætti að vera heimild til að færa allar rekstrareignir fyrirtækis til nýs hlutafélags eða einkahlutafélags án þess að áhrif hafi á skattstofna eða leiði til skattskyldu, sé breytingin gerð í því skyni að stofna sérstakt rekstrarfélag annars vegar en sérstakt eignarhaldsfélag hins vegar. Jafnframt ætti að vera heimild til þess að hluthafar í félögum leggi alla eignarhluti sína til sérstaks eignarhaldsfélags án þess að til skattskyldu leiði fyrir hluthafana. Binda mætti þessa heimild því skilyrði að 90% hluthafa í viðkomandi félagi fari þessa leið. Þegar ákvarðanir sem þessar sem að framan er lýst eru teknar í því skyni að bæta stjórn og rekstur fyrirtækja verður vart talið að ástæða sé til að skattleggja ráðstafanirnar sem slíkar. Þá verður ekki talið að slíkar heimildir komi í veg fyrir eðlilega skattlagningu rekstrar- og eignatekna heldur yrði um eðlislíkar heimildir að ræða og eru í IV. kafla laganna í dag.



Í tengslum við framangreint erum við að sjálfsögðu reiðubúin til að aðstoða Efnahags- og viðskiptanefnd með hverjum þeim hætti sem við getum og til að veita frekari upplýsingar ef þörf yrði talin á. Við höfum líka samið frumvarpsdrög í samræmi við framangreint og getum sent nefndinni sé þess óskað.

Virðingarfyllst,


KPMG

Afrit:
Fjármálaráðherra
Ríkisskattstjóri